

38 4. Niðurjöfnunarnefnd þá, sem um er rætt í 20. gr. laganna, skal kjósa sam-
17. marz. kvæmt þessari lagagrein í næstkomandi septembermánuði, og jafnar hún síðan niður
bæjargjöldunum fyrir árið 1885, og fer um þá niðurjöfnun eptir 21. grein.

Þessar ákvarðanir skal jeg þjónustusamlega skora á yður, herra amtmaður, að
tilkynna bæjarstjórninni á Akureyri, henni til eptirbreytni og til frekari auglýsingar
fyrir bæjarbúum.

39 Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir vesturamtinu um endurveiting
20. marz. hlunninda handa sparisjóðnum á Ísafirði. Í tilefni af bónarbrjefi frá forstöðunefnd
sparisjóðsins á Ísafirði og samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður, í þóknanlegu brjefi
frá 15. p. m., endurveitast hjermeð nefndum sparisjóði fyrir næstkomandi 10 ár, eða til
11. júní 1894, hlunnindi þau, er samkvæmt tilskipun 5. janúar 1874 voru veitt hon-
um með brjefi landshöfðingja 16. maí 1879, og er endurveiting þessi bundin hinum
sömu skilyrðum, sem tiltekin voru í brjefi þessu.

Þetta tilkynnist yður hjermeð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir
forstöðunefnd sparisjóðsins.

40 Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um bygg-
21. marz. ingu þjóðjarðar. — Í tilefni af þóknanlegu brjefi yðar, herra amtmaður, frá 30. apríl
f. á., veiti jeg hjermeð samþykki mitt til, að þjer hafið byggt þjóðjörðina Reyki í Sauð-
árhreppi manni þeim, er áður hefur á henni búið, en hafði sagt henni lausri frá síðast-
liðnum fardögum, með þeim skilmálum, sem amtsráðið á sínum tíma hefur stungið uppá
eða mót 160 álna landsskuld og 40 álna kúgildaleigu eptir meðalverði, og ennfremur
gegn því, að hann skuldbindi sig til að sljetta árlega 30 □ faðma í túninu.

Jafnframt skal jeg, útaf tilmælum yðar í nefndu brjefi, um að jeg gefi yður
heimild til að samþykkja byggingu þjóðjarða, þó að eigi fáið eptirgjald það, sem sýslu-
nefndin hefur stungið uppá, í öllu falli ef eigi er unnt að fá álit sýslunefndar og úrskurð
landshöfðingja um byggingu jarðarinnar í tæka tíð samkvæmt ráðgjafabrjefi 25. maí 1880
5, d. og eigi heldur hægt að fá nokkurn til þess að taka hana uppá 1 ár samkvæmt 5.
e., geta þess, að jeg ekki þykist geta veitt yður frekari almenna heimild í nefndu efni,
en yður tilkemur eptir fyrnefndu ráðgjafabrjefi, en ef það í einstökum tilfellum ekki verður
unnt að koma í veg fyrir, að þjóðjörð, sem losnað hefur úr byggingu, fari í eyði, með
því að byggja hana uppá eitt ár eða með öðrum bráðabirgðarráðstöfunum, meðan verið
er að ákveða skilmálana fyrir lífstíðarbyggingu hennar á þann hátt, sem fyrirskipað er í
ráðgjafabrjefinu, þá álit jeg yður heimilt að byggja hana með þeim kostum, sem beztir
geta fengizt, uppá væntanlegt samþykki landshöfðingja, til þess að komast hjá ennþá
meiri skaða fyrir landssjóð.

41
27. marz.

Auglýsing
um póstmál.

Ráðgjafinn fyrir Ísland hefur samþykkt eptirfylgjandi breytingar á póstleið-
um og póststöðvum: